

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Íbúðir, íbúðarhúsnæði

kr. 10.700 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélgsins.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 21. janúar 2004.

Selfossi, 9. febrúar 2004.

Einar Njálsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

Fljótsdalshrepps fyrir útgáfu framkvæmdaleyfa, byggingarleyfa og stöðuleyfa.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 20.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.